

Þriðjudaginn 6. október 1992.

Nr. 382/1992. **Ákærvaldið**

gegn

**Hilmari Ögmundssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald. Aðfinnslur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Hinum kærða úrskurði hefur verið skotið til Hæstaréttar bæði af hálfu ákærvalds og ákærða. Ákærði lýsti kæru sinni við uppkvaðningu úrskurðarins 30. september sl., en af hálfu ákærvaldsins var úrskurðurinn kærður með bréfi til héraðsdómarans 1. október sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákærvaldið krefst þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða verði markaður tími til 30. júní 1993.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhald verði að hámarki ákveðið til 29. október 1992. Þá gerir hann kröfu um kærumálskostnað.

Brot það, sem ákærði var dæmdur fyrir hinn 30. september sl., er í dóminum talið varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Talsmaður ákærða byggir aðalkröfu sína meðal annars á því, að héraðsdómari, sem kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurðinn, hafi verið vanhæfur til þess, þar eð hann hafi kveðið upp efnisdóm í máli ákærða. Vísar hann um þetta til 6. gr. laga nr. 19/1991, þar sem svo er mælt fyrir, að dómari skuli „víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru, ef hann hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr.“. Á þetta ákvæði ekki við hér, og er þessari málsástæðu hafnað.

Framangreindur dómur var birtur ákærða og verjanda hans við dómsuppkvaðningu 30. september sl., og var fulltrúi ákærvaldsins einnig viðstaddur. Ákærði tók sér frest til ákvörðunar um áfrýjun dómsins, en samkvæmt 153. gr. laga nr. 19/1991 ber honum að segja til um áfrýjun innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Af

hálfu ákærvalds hefur ekki verið lýst yfir áfrýjun dómsins. Þannig liggur ekki fyrir, hvort honum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Fallast ber á kröfu ákærvaldsins um áframhaldandi gæsluvarðhald ákærða samkvæmt 2. mgr. 103. gr. og 106. gr. laga nr. 19/1991. Í 106. gr. segir, að dómari geti eftir dómsuppkvaðningu að kröfu ákæranda úrskurðað, „að gæsluvarðhald skuli haldast, meðan á fresti skv. 1. mgr. 153. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi, ef því er að skipta“. Eins og hér stendur á, þykir bera að túlka ákvæði þetta svo, að gæsluvarðhaldstíma ákærða beri að takmarka við framangreindan fjögurra vikna áfrýjunarfrest. Samkvæmt þessu verður ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 29. október 1992, nema fullnusta dóms geti hafist fyrr. Staðfesta ber ákvæði hins kærða úrskurðar um tilhögun gæsluvarðhaldsins.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að samkvæmt orðalagi hins kærða úrskurðar er farið út fyrir kröfur ákærvaldsins og gæsluvarðhaldstími ekki afmarkaður. Er þetta aðfinnsluvert.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Ögmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til 29. október 1992.

Staðfest er ákvæði hins kærða úrskurðar um tilhögun gæsluvarðhalds ákærða.

#### Úrskurður héraðsdóms Reykjaness 30. september 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 30. september, er á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í dag var kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1175/1992: Ákærvaldið gegn Hilmari Ögmundssyni, og var dómþola gert að sæta fangelsi í fjögur ár að frádreginni gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 3. apríl til 30. september 1992.

Dómþola var við dómsuppsögu birtur dómurinn. Tók hann sér frest til að taka afstöðu til áfrýjunar.

Í beinu framhaldi af birtingunni var af ákærvaldsins hálfu gerð krafa um, að dómþoli yrði með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19, 1991, úr-

skurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur í málinu til fullnustu (sic), en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 30. júní nk.

Af hálfu dómpöla er kröfunni um gæsluvarðhald mótmælt og þá einkum tímalengdinni í kröfunni og lögð á það áhersla, að mikill málafjöldi fyrir dómstóli og málatími megi ekki ráða lengd gæsluvarðhaldstíma.

Fram kom hjá ákæranda í málinu, að yrði dómnum áfrýjað til Hæstaréttar, væri þess ekki að vænta, að málið kæmist þar á dagskrá fyrr en í júní 1993, miðað við, hvernig málum hafi nú verið raðað þar niður til meðferðar fyrir dómnum.

Fallast verður á það, að brot það, sem ákærði er sakfelldur fyrir í framangreindum dómi, sé svo alvarlegt, að nauðsynlegt sé með tilliti til almennra hagsmuna, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi, þangað til fullnusta refsingar samkvæmt dómnum eða dómi Hæstaréttar getur hafist.

Með vísan til 2. mgr. 103. gr. og með hliðsjón af 106. gr. laga nr. 19, 1991, ber að úrskurða dómpöla til að sæta gæsluvarðhaldi, og þykir rétt að afmarka tímann þannig, að gæsluvarðhaldið vari allt fram til 30. apríl 1993 eða þar til er fullnusta á framangreindum dómi kemur til eða þá þar til er fyrir liggur í málinu dómur Hæstaréttar, komi til áfrýjunar.

Rétt þykir að verða við kröfu ákærða um, að á gæsluvarðhaldstímanum skuli hann njóta þess hagræðis að sæta sömu reglum og gilda almennt um fanga í afplánun.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómpöli, Hilmar Ögmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt fram til 30. apríl nk. eða þar til dómur Hæstaréttar liggur fyrir í málinu.

Dómpöli skal á gæsluvarðhaldstímanum njóta sömu reglna og gilda um afplánunarfanga.